

Myllubakkaskóli

Kennsluáætlun
10. bekkur 2011 - 2012



Kennarar:
Alma Vestmann
Jóhann Kr. Steinarsson

EFNISYFIRLIT

1. ÍSLENSKA	3
1.2 BÓKASAFN	4
1.3 FJÖLÞJÓÐADEILD	5
2. STÆRÐFRÆÐI	5
3. ENSKA	5
4. DANSKA	6
5. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐI	7
6. LÍFFRÆÐI	8
7. SAMFÉLAGSFRÆÐI.....	9
8. LÍFSLEIKNI	10
9. ÍÞRÓTTIR	11
10. SUND	12
11. VALGREINAR	13
11.1 STÆRÐFRÆÐI	13
11.2 FATASAUMUR	13
11.3 LEIR OG GLER	14
11.4 HEIMILISFRÆÐI	14
11.5 TÖLVUFRÆÐI	15
11.6 MÁLUN.....	15
11.7 GRAFÍK.....	15
11.8 ÍÞRÓTTAVAL.....	16
11.9 KVIKMYNDAVAL.....	16
11.10 HEIMANÁM.....	17
11.11 UNNIÐ MEÐ BÖRNUM.....	17
11.12 SKÓLAHREYSTI.....	17
11.13 TÓNLISTARSKÓLINN	17
11.14 ÍÞRÓTTAÞDKUN	17
11.15 BJÖRGUNARSVEIT.....	18
11.16 VALFÖG Í FS.....	18

Kennsluáætlun 10. bekkja 2011-2012

Umsjónarkennarar: Alma Vestmann og Jóhann Kr. Steinarsson

1. Íslenska

Kennarar: Alma Vestmann og Unnur Guðmundsdóttir.

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir.

Markmið [Aðalnámskrár grunnskóla 2007](#) eru lögð til grundvallar kennslu í íslensku bls. 8-18:

„Markmiðum íslenskukennslu er skipt í fjóra flokka eins og áður segir, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru mörg markmið sem skarast eða fléttast saman... Leitast skal við að vinna með alla þætti móðurmálsins þannig að hver þáttur styðji annan og þeir myndi saman eina heild.“

Náms- og kennslugögn:

Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðlist
Kjörbók að eigin vali
Englar alheimsins
Gísla saga Súrssonar
Smásagnasmáræði
Mályrkja
Málfinnur
Skrifinnur
Ljóðspeglar
Íslensk orðabók
Samheitaorðabók
Stafsetningarorðabók
Handbók um málfræði
Bækur um málshætti og orðtök

Yfirferð á námsefni

1. og 2. önn Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðlist
Smásagnasmáræði
Englar alheimsins
Mályrkja III, bókmenntastefnur
Ritunaræfingar og lesskilningsverkefni
3. og 4. önn Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðlist
Gísla saga Súrssonar
Kjörbók
Ljóðspeglar
- Ljóð sem allir nemendur fara yfir:

bls. 144	Hergilseyjarbóndinn, lesið eftir 26. kafla í Gísla sögu.	
bls. 17	frelsi II	bls. 85 Festingin
bls. 77	Haust	bls. 86 Úr tímanum og vatninu
bls. 79	Borgarnóttin	bls. 90 Lækjarspjall
bls. 82	Dagarnir	bls. 137 Dans stöðumælanna ...
bls. 94	Úti	bls. 96 Fjallið Skjaldbreiður
bls. 93	Stormur	bls. 135 Stökur

Þrjú ljóð tekin saman, Ég bið að heilsa, bls. 102 í Ljóðsporun, Nú andar suðrið, bls. 130 í Ljóðspeglum og Vorboðinn, í safni kennara.

Efnistöð og áherslupættir

Heimanám er misjafnt eftir nemendum, fer eftir vinnusemi í tímum. Þannig þarf nemandi, sem stundar tímavinnu vel, ekki að bæta við miklu heimanámi.

Námsmat í íslensku.

Námsmat byggir á könnunum úr efni hvernar annar. Kannanir á 1.-3. önn gilda 20% hver en lokapróf að vori gildir 40 %.

1. 2 Bókasafn – Upplýsinga- og tæknimennt

Bókasafns- og upplýsingafræðingur: Lilja Krístrún Steinarsdóttir

Tímafjöldi: Útlánstímar

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007

Frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á Netinu. Á skólasöfnum eiga nemendur að geta nálgast lesefni í samræmi við þroska og lestrargetu hvers og eins. Lestrarþjálfun tengist einnig upplýsingaöflun, öðru námi og bókmenntum af ýmsu tagi.

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007, íslenska bls.9)

Undirpættir nír eru upplýsingalæsi og menningarlæsi.

Efnistöð og áherslupættir

- frjálst val á sögubókum

1.3 Fjölbjóðadeild

Kennari: Stefanía María Júlíusdóttir.

Tímafjöldi á viku: Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn og miðast því tímafjöldinn við þarfir hvers nemanda.

Markmið: Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er lögð til grundvallar kennslunni (bls. 31 - 34).

Áfangamarkmið 1 Mál og menningarfærni. **Áfangamarkmið 2** Skólamál og námsfærni. Tal hlustun og skilningur. Lestur og ritun. Námsgreinar. Námsækni. Gagnrýnin hugsun.

Efnistöð og áherslupættir: Miðast við þarfir hvers nemanda.

Náms- og kennslugögn: Stuðst er við kennslugögn sem gefin hafa verið út fyrir nemendur

sem hafa íslensku sem annað tungumál og nemendur með sérþarfir s.s. Íslenska nýja málið mitt, Kæra dagbók, Lærum gott mál, Orð fyrir orð, Orðfylla, Orð verða setningar, Málfræðibókin mín, Skinna, Skræða, Skrudda, Hitt og þetta og ýmsar auðlesnar bækur. Einnig er stuðst við ýmis kennsluforrit s.s. Æfum íslensku, Sögur frá Íslandi og Stoðkennarinn. Auk þess fá nemendur aðstoð við heimanám.

Námsmat: Símat.

2. Stærðfræði

Kennari: Heba Friðriksdóttir og Jóhann Kr. Steinarsson

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar bls. 33-44.

Efnistöð og áherslupættir: Lögð er rík áhersla á að nemendur sýni þær aðferðir sem þeir nota og vandi allan frágang. Kennari útskýrir ný atriði við töflu með virkri þáttöku nemenda og hvetur þá til að finna sjálfa aðferðir og reglur. Nemendur vinna verkefni í tímum einir eða í hóp. Reglulega fást nemendur við þrautir þar sem aðferðum þrautalausnar er beitt. Nemendur vinna verkefni í tölvum, leysa sjálfspróf heima eða í skóla og skila. Mikilvægt er að nemendur temji sér markviss vinnubrögð og skýra framsetningu lausna.

Náms- og kennslugögn: Almenn stærðfræði III, 8-tíu 5 og 6, 10+, Leikni og Neptúnus. Ljósrit frá kennara. Einnig er farið í tölvu og notast við síðuna rasmus.is

Heimanám: Kennari setur reglulega fyrir heimavinnu. Nemendur eru síðan hvattir til að fara yfir það heima sem tekið var fyrir í skólanum.

Námsmat: Skólaárinu er skipt í fjórar annir, í janúar og maí eru yfirlitspróf. Auk þess er námsleg staða nemandans könnuð í lok hvers kafla, með sjálfsprófum og verkefnablöðum.

Kaflapróf 20%

Annapróf 55%

Sjálfspróf, vinna í tímum og heimavinna 25%

Í lok 10.bekkar er gefin skólaeinkunn sem samanstendur af vetrareinkunn (40%) og voreinkunn (60%).

3. Enska

Kennari: Hildur Ellertsdóttir

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir

Markmið [Aðalnámskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007](#) eru lögð til grundvallar kennslu í ensku bls. 14-27;

„Í 10. bekk er lögð áhersla á að nemendur öðlist góða almenna færni í ensku og geti nýtt tungumálið heima og erlendis sem og til frekara náms. Mikilvægt er að nemendur skilji talað mál af helstu málsvæðum enskrar tungu um efni sem þeir þekkja. Einnig skiptir miklu að nemendur þjálfist í að nota málið og tjá sig á skýran og skipulegan hátt.“
(bls 25)

Efnistöð og áherslupættir

Unnið er út frá hlustun, lestri, töluðu máli og ritun eins og sundurliðað er í markmiðum Aðalnámskrár. Til dæmis er unnið með að

- gefa ráð, koma með tillögur og lýsa reynslu og fólki

- gera samanburð, lýsa álit, bera saman rök
- lýsa möguleikum, efa, spá í framhald, gefa munnlegar og skriflegar leiðbeiningar
- lýsa reynslu og væntingum, ótta, fortíð, skyldu og bera saman nútíð og fortíð
- biðja um og gefa ráð, gefa meðmæli, setja reglur og bönn
- bera saman aðstæður í mismunandi löndum, lýsa náttúrulegum og manngerðum harmleikjum
- tala um líklegar og ákveðnar áætlanir
- vinna með blaðagreinar, bókmenntir, söngtexta og ýmsa ólíka texta
- skoða eldri samræmd próf
- gera sér ljóst mikilvægi eigin vinnu til að framfarir verði í náminu
- sjálfstætt val á innihaldi heimanáms að einhverju leiti.

Náms- og kennslugögn:

Matrix (Intermediate) + Workbook	Kathy Gude
English T'n'T	Námshagnastofnun
Move on + vinnublöð	Námshagnastofnun
Frjálslestrarbækur	á Skólabókasafni
Annað efni (hlustunarefni, myndbönd, blaðagreinar, tónlist og fl.)	
Netið	

Heimanám:

Heimanám er misjafnt eftir nemendum og fer oft eftir vinnusemi í tímum. Hluta heimanáms eiga nemendur að geta unnið fyrirfram ef það hentar. Nemendur velja líka stundum hvaða áherslupátt þeir vilja vinna með heima, t.d. ritun, orðaforða, vinnubók eða lestur.

Námsmat:

Í október og mars er frammistaða metin í verkefnabók.

Í janúar:

-70% Janúarpróf, 10% kaflapróf, 10% kjörbók, ritun og önnur verkefni, 10% ástundun/hegðun.

Í maí:

-20% Kaflapróf, kjörbók og önnur verkefni, ástundun og hegðun

-80% Vorpróf (eyðufylling 50%, 10% stafsetning, 20% málfræði, 10% ritun og 10% hlustun.)

Skólaeinkunn; Janúareinkunn 40% og voreinkunn 60%

4. Danska

Kennari: Þorvarður Guðmundsson

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í dönsku bls. 35 – 38.

Efnistöð og áherslupættir

- vekja jákvætt hugarfar til máls og menningar í Danmörku
- auka þá þekkingu sem nemendur hafa á dönsku og gera þá færa um að nýta sér hana á sjálfstæðan hátt
- með virkri hlustun fá nemendur tækifæri til að upplifa dönsku sem lifandi tungumál
- nota dönsku til samskipta í stofunni í dönskutímum
- mismunandi lestextar, sumir miðast við fullnaðarskilning, aðrir að þau nái heildarinntaki og loks að leita að ákveðnum upplýsingum
- samsetning og skyldleiki orða og margvísleg merking

- sagnir (tíðbeyging), lýsingarorð (stigbreyting), eintala og fleirtala, ákveðinn og óákveðinn greinir
- skilað er ritun um kjörbækur eða ákveðin þemu sem hluta af einkunn á hverri önn
- nota orðabækur og leita upplýsinga t.d. hjá fjölskyldu, á netinu og í alfræðibókum

Námsefni

Ekko	(lesbók og verkefnahefti)
Hvad siger du? C	(hlustunarefni og vinnuhefti)
Kort og Godt	(smásögur)
Store drømme	Sjónvarpsþættir með verkefnum
	Kvikmyndir með ýmiss konar verkefnum
Málfræði	Ljósrit frá kennara

Námsmat

Próf í janúar og maí.
 Próf 60%
 Kjörbók/Ritunarbók og önnur verkefni 30%
 Ástundun og hegðun 10%

5. Eðlis- og efnafræði

Kennari Ingólfur Matthíasson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar eðlis- og efnafræðikennlunni. Undirþættir eru: orka og orkuform

Efnistöð og áhersluatriði:

- skilja hvernig orka getur breyst úr einu formi í annað: hreyfi-, stöðu-, varma-, efna-, rafsegul-, geisla- og kjarnorku
- skilja að orka hvorki eyðist né myndast
- þekki innri gerð frumeinda (atóma)- geti útskýrt samband sameindahreyfinga og hita
- þekki til rafmagns, upphaf þess, straum, spennu, viðnám og mælingar þar um
- geta skýrt helstu hugtök tengd rafmagni og seglum, svo sem rafspennu, rafstraum, viðnám rafhleðslu, raf- og segulsvið, raf- og segulkraft, raforku og rafal
- átti sig á því hvernig hljóð verður til, bylgjur, tíðni og styrkur
- þekki til ljóssins uppruna þess og eiginleika, þekkja helstu gerðir rafsegulbylgna og áhrif þeirra á lífverur og hluti
- geta beitt hugtökunum vinna, orka og afl og lýst tengslum á milli þeirra
- gera sér grein fyrir skynjanlegum eiginleikum ljóss, svo sem speglun, ljósbroti og litrófi
- þekkja uppbyggingu nokkurra nútímarafmagnstækja
- þekki til kjarnorkunnar og þekki helstu kosti og galla virkjunnar hennar.

Náms- og kennslugögn

“Orka” úr bókaflokknum Almenn náttúruvísindi.

Ítarefni: kennsluleiðbeiningar, verkefnaöppur, tímaritið Lifandi vísindi, Vísindavefurinn, Alfræði unga fólksins, Íslenska alfræðibókin og myndbönd.

Kennsluhættir

Nemendur þurfa að vinna heima, lesa og eða svara spurningum og verkefnum. Tilraunir og verkefni sem unnin eru í skóla fara fram í hópum. Skýrslugerð er unnin annað hvort sem hóp- eða einstaklingsskýrslur. Nemendur rita glósur úr efninu í tímum sem þeir notast við í hluta prófanna.

Námsmat

Námsmat fer fram í lok vetrar- og vorannar.

Í “fjórðungi” prófsins mega nemendur nota sínar gósur.

Námsmatið samanstendur af: vinnu heima, í tímum, verkefnum og skriflegu prófi.

Próf	55%
Próf með glósum	25
Verkefnavinna	10%
Ástundun	10%

6. Líffræði

Kennari: Hildur María Magnúsdóttir

Tímalfjöldi á viku: 2 kennslustund á viku

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í lífvísindum.

Undirþættir eru: Frumur – Mannlíkaminn – Lífverur.

Efnistöð og áhersluþættir:

- útskýra mikilvægi erfðalykla erfðaefnisins DNA
- beita hugtökunum ríkjandi og víkjandi gen, arfhreinn og arfblendinn
- gera útreikninga sem sýna líkur á því að erfðaeiginleiki erfist frá einni kynslóð til annarrar og kynnast þannig hugmyndum Mendels
- lýsa fjölbreytni í erfðum, s.s. vegna tilfærslu á genum, kynæxlunar og stökkbreytinga
- lýsa því hvað stjórnar kynferði einstaklings
- útskýra og nefna dæmi um einræktun (klónun)
- leita upplýsinga og ræða um genasplæsingar, kynbætur búpenings, gerð og notagildi genakorts mannsins, hugmyndir um erfðalækningar, einnig út frá siðfræðilegum sjónarmiðum
- þekki hugmyndir Mendels.
- geti útskýrt erfðir blóðflokka manna og kynbundnar erfðir t.d. litblindu
- kynnist hugtakinu náttúruval og geti lýst því hvaða þættir hafa áhrif á náttúruval.
- geti skýrt kenningar um þróun lífs á jörðinni og stuðst við líffræðileg rök og steingervinga.

Geti tekið ábyrga afstöðu í kynferðismálum byggða á þekkingu á :

- líkamlegum kyneinkennum
- gerð og starfsemi kynfæra
- mikilvægi getnaðarvarna
- þekkja helstu kynsjúkdóma
- orsakir
- einkenni
- smitleiðir og mögulegar varnir
- afleiðingar og lækningar

Náms- og kennslugögn:

Kennar eru bækurnar **Erfðir og þróun og Sól, tungl og stjörnur** úr bókaflokknum **Almenn náttúruvísindi**. Einnig verða sýnd myndbönd og skyggjur efninu til stuðnings. Valdir kaflar úr Sól, tungl og stjörnur verða teknir.

Bókalisti:

Erfðir og þróun, nemendabók, kennarabók og verkefnamappa.

Sól, tungl og stjörnur nemendabók, kennarabók og verkefnamappa.

Myndbönd:

Þróunarlíffræði, Coronet 15 mín.

Erfðafræði, Coronet 16 mín.

Sameindalíffræði, Coronet 15 mín.

Erfðir og arfgengi, myndbandaflokkurinn Vísindi í brennidepli.

Risaeðlur

Maðurinn – úr ríki náttúrunnar 30. mín

Lífið – náttúruan í nýju ljósi

Lífið í fortíðinni- náttúran í nýju ljósi

Apar- náttúran í nýju ljósi

Pláneturnar

Myndbandaflokkurinn Sólkerfið 5 spólur

- innri reikistjörnur
- jörðið
- sólin
- tunglið
- ytri reikistjörnur

Myndbandið reka sundur meginlönd (ný myndbönd)

Myndband um landrek (nýtt til á bæjarbókasafni)

Heimanám: Lestur á köflum, spurningum úr hverjum undirkafla er svarað svo og spurningum í lok hvers kafla.

Námsmat:

Skólaárinu er skipt í fjórar annir en námsmati er misjafnlega háttað eftir önnum.

kaflapróf – samtals 60%

verkefnabók/mappa – 30%

Ástundun og hegðun – 10%

7. Samfélagsfræði

Kennari : Júlía Jörgensen

Tímafjöldi á viku : 2 x 40 mín.

Markmið Aðalnámsskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar í kennslu í samfélagsfræði.

Aðalnámsefni vetrarins er bókin Þjóðfélagsfræði en hún skiptist í : Sjálfsmynd, réttindi og skyldur, borgaravitund og lýðræði, samastaður í heiminum og efst á baugi. Nánar er fjallað um markmiðin á bls. 23-24 í Aðalnámsskrá. Að auki verður fjallað um Jón Sigurðsson og hugmyndir 19.aldar en nánar er gert grein fyrir markmiðum þess námsefnis í Aðalnámsskrá á bls.17

Efnistöð og áherslupættir :

Lögð er áhersla á að nemendur hugleiði hvernig sjálfsmynd okkar verður til og kynnist réttindum sínum og skyldum sem ábyrgir þátttakendur í samfélaginu. Nemendur þroski með sér borgaravitund og öðlist færni í tjáskiptum og rökræðu um samfélagsmál og fylgi eftir skoðunum sínum. Uppbygging íslenska stjórnerkisins verður kynnt, s.s. þrískipting ríkisvaldsins,

stjórnarskrá, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar til þings og forseta, þjóðaratkvæðagreiðslur og störf Alþingis.

Náms- og kennslugögn:

Þjóðfélagsfræði eftir Garðar Gíslason.

Úr sveit í borg, þættir úr sögu 20. aldar eftir Guðmund J. Guðmundsson

Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar- saga fyrir unglingastig grunnskóla

Veraldarvefurinn

Fjölmiðlar

Kortavinna

Skólalæping Alþingis

Heimanám:

Verkefni úr bókum eða frá kennara.

Námsmat

Skólaárinu er skipt í fjórar annir en námsmati er misjafnlega háttað eftir önnum.

Lokapróf – 45%

Kaflapróf - 25 %

Verkefni – 20%

Ástundun og þátttaka - 10%

8. Lífsleikni

Kennarar: Freydís Kneif Kolbeinsdóttir

Tímafjöld á viku: 1 kennslustund

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í lífsleikni. Lífsleikni skiptist í tvo þætti sá fyrri inniheldur: sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl. Sá seinni inniheldur: samfélag, umhverfi, náttúru og menningu

Efnistöð og áhersluþættir:

- sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun hvers og eins
- sé meðvitaður um jafnréttis- og mannréttindahugsjónir sem leiðarljós í öllum samskiptum
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í uppeldi barna sinna
- miðlun menningar á milli kynslóða
- geti sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu
- meti á sjálfstæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð fyrirmyndum og staðalmyndum samfélagsins
- öðlist skilning á atvinnulífinu í samhengi við námsleiðir og starfsval
- nýti ráðgjöf um náms- og starfsleiðir
- þekki hættur samfara misnotkun lyfja sem notuð eru til lækninga
- geti greint og rökrætt áhrifamátt auglýsinga og gert sér grein fyrir óbeinum áróðri fjölmiðla
- geti nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning
- geri sér grein fyrir hvað felst í orðinu borgaravitund og lýðræði
- geti útskýrt mun einkarekstrar og opinbers rekstrar
- kunni skil á einföldum launaseðlum og skilji reikningsyfirlit

- geti reiknað kostnað vegna afborgana
- þekki ýmsar sparnaðar- og ávöxtunarleiðir
- stundi innihaldsríka tómsundaiðju og fylgi viðeigandi öryggisatriðum í tómsundum
- þekki til ýmissa laga og reglna sem stuðla eiga að verndun umhverfis, mannvirkja og náttúru
- hafi tileinkað sér ábyrg sjónarmið og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins
- sé meðvitaður um hættur í umferðinni sem skapast af miklum hraða
- þekki grundvallaratriði skyndihjálpar

Náms- og kennslugögn:

Stuðst við ýmis gögn af veraldarvefnum.
Kompás – handbók um mannréttindarfræðslu

Heimanám: ekkert formlegt heimanám. Einstaka sinnum þurfa nemendur að viða að sér efni frá ,t.d. fjölskyldu, blöðum, vinum og af veraldarvef

Námsmat: nemendur fá umsögn í lok annar. Einkunn fer eftir þátttöku og vinnubrögðum í tímum.

9. Íþróttir

Kennarar: Jóhann Kr. Steinarsson og Guðjón Árni Antoníusson.

Tímafjöldi á viku: 2 x 60 mínútur

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í íþróttum.

**Undirþættir eru: skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningarþroski – siðgæðisþroski, vitsmunarþroski
bls. 53 - 54.**

Efnistöð og áhersluþættir:

Þessi árgangur sækir íþróttakennslu 2 x 60 mín. í íþróttahúsið við Sunnubraut.

Einnig eru vetrarbraut og fótboltavallarsvæði notað undir íþróttakennsluna.

Kennslan hjá þessum árgangi er þannig byggð upp að í fyrsta tíma hvers mánaðar er farið í útihlaup, þar sem hver nemandi skokkar (gengur) á sínum hraða 2,5km. Bókleg fræðsla er tengd hlaupunum og sérstök áhersla á teyguaefingar eftir hlaupin. Reglulega eru frjálsir tímar þar sem nemendum er leyft að þjálfa sig sjálf. Aðrir tímar fara að mestu í íþróttagreinar, keppnir, þrekþjálfun, leiki, og æfingar fyrir próf.

Farið er í helstu íþróttagreinar, útihlaup, þrekæfingar, mælingar gerðar, barnaleiki.

Náms- og kennslugögn: Áhöld í áhaldageymslu.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat:

Vetur 20% útihlaup
30% mæting
20% virkni
10% píbb-próf
20% próf

Vor 20% útihlaup
30% mæting
20% virkni
10% píbb-próf
20% próf

10. Sund

Kennari: Haukur Ottesen

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í sundi.

Undirþættir eru: Skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski, vitsmunþroski bls. 26 – 27.

Markmiðið er

- að allir grunnskólanemar fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum
- að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt þegar fram líða stundir
- að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu, þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.

10. sundstig (10. bekkur)

A. Bringusund í 20 mínútur (viðstöðulaust): Lágmarksvegalengd 600 metrar.

B. 50 metra bringusund, stílsund.

C. Björgun af botni laugar og 25 metra björgunarsund.

D. 8 metra kafsund, stílsund.

E. Timataka. Nemendur velja tvær sunaðferðir af fjórum

– 100 metra bringusund

– 50 metra skriðsund

– 50 metra baksund

– 25 metra flugsund

F. Þrjú leysitök : Grip í fatnað framan frá – grip um háls aftan frá – grip um brjóstkassa aftan frá. Ein lífgunaraðferð

Náms- og kennslugögn:

- Kennarahandbók, byggt á Turnen und sport in der schule – schimmen.
- Sundstig sundpróf í grunnskóla frá Menntamálaráðuneytinu.

Tæki og tól:

Sundfit

Korkur

Kútur

Armkútur

Námsmat: Mæting, virkni, hegðun og próf.

11. Valgreinar

11.1 Stærðfræði-val

Kennari: Jóhann Kr. Steinarsson

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar bls. 33-46.

Efnistöð og áherslupættir: Lögð er rík áhersla á að nemendur sýni þær aðferðir sem þeir nota og vandi allan frágang. Kennari útskýrir ný atriði við töflu með virkri þáttöku nemenda og hvetur þá til að finna sjálfa aðferðir og reglur. Nemendur vinna verkefni í tímum einir eða í hóp. Reglulega fást nemendur við þrautir þar sem aðferðum þrautalausnar er beitt. Nemendur vinna verkefni í tölvum og leysa stöðupróf í skóla og skila. Mikilvægt er að nemendur temji sér markviss vinnubrögð og skýra framsetningu lausna.

Náms- og kennslugögn: Allt með tölu ásamt ýmsum stærðfræðivefsíðum.

Heimanám: Ekkert heimanám er í stærðfræðivali.

Námsmat:

Stöðupróf 40 %

Ástundun 40 %

Virgni og vinna í tímum 20 %

11.2 Fatasaumur

Kennari : Sara Bertha Þorsteinsdóttir

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku.

Textílmenn er valgrein fyrir nemendur í 10. bekk. Þar er boðið upp á framhald á fyrri textílnámi þar sem einkum er stefnt að vaxandi sjálfstæði nemandans.

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í textílmenn. (Undirþættir eru : 1. Lögmál og aðferðir. 2. Sögulegt og félagslegt samhengi. 3. Fagurfræði og rýni. (bls 64)

Efnistöð og áherslupættir:

Lögð er áhersla á að nemandinn læri að taka upp snið, leggja snið á efni, sníði og saumi flík.

Snið og efni eru valin í samráði við kennarann.

Stefnt er að því að nemendur saumi á sig eina flík og skreyti aðra.

Náms og kennslugögn:

Bækur,blöð,snið, efni, tæki og tól í eigu skólans.

Heimavinna:

Engin heimavinna

Námsmat:

Tekið verður tillit til þess hversu sjálfstætt nem. vinnur og hvernig hann nýtir sér áunna þekkingu. Hvernig hann notar handbækur og tiltæk gögn. Vinna í tímum 30%, verkefni 30% og mæting 40%.

11.3 Leir og gler

Kennari: Svana A. Daðadóttir

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Kennsla í leir og gler er valgrein fyrir nemendur í 9.- 10. bekk og er þar stefnt á að gera nemandan sjálfstæða í vinnubrögðum.

Markmiðið Aðalnámskrár grunnskóla er lögð til grundvallar kennslunni.

Markmið er að nemendur:

- þekki og kunni að nota þau verkfæri sem til þarf við vinnslu á leir og gleri
- læri að búa til nytjahlut
- geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs
- geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefni
- hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á vinnsluaðferðum við leir og glervinnslu

Grunnkennsla í meðhöndlun á leir, hrábrennslu, glerjun og frágangi.
Glerbræðsla, skurður, útbúun og brennsla.

Námsmat:

Vinnubrögð og færni 50%

Umgengni og frágangur 25%

Hegðun og ástundun 25%.

11.4 Heimilisfræði

Kennari: Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir/ Maria Isabel Fisher

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í heimilisfræði. Undir þættir eru: Næring – hollusta, matreiðsla – vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði – umhverfisvernd bls: 25 – 26.

Efnistöð og áherslupættir:

Í þessum valáfanga er lögð áhersla á að æfa mismunandi matreiðslu og bakstursaðferðir.

Reynt er að hafa námsefnið sem fjölbreyttast og að byggja ofaná þann grunn sem nemendur hafa þegar fengið.

Leitast er við að flétta sem mest fræðilega þætti inn í verklegu tímuna svo sem kvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði, helstu dreifingarleiðir örvera, gæði og hollustu matarins, næringu og fleira.

Náms- og kennslugögn: Matreiðslubækur og ljósritað efni frá kennara.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnusemi.

11.5 Tölvufræði

Kennari: Ingiber Óskarsson

Tímafjöldi á viku: tvær kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í tölvufræði.

Farið dýpra í forritin í Office pakkanum (Word, Excel, Powerpoint).

- Tæki og tól í Photoshop kynnt
- Notast við Word með ritgerðarsmíði.
- Einfaldar reikniaðferðir kenndar á Excel.
- Uppsetning og hönnun á glærum í Powerpoint eða Keynote frá Apple

Námsmat: Ástundun, vinnubrögð og verkefni.

11.6 Málun

Kennari: Sigríður Á. Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í myndlist. Undirþættir eru: Lögmál og aðferðir, Sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni, bls 14-15.

Efnistöð og áhersluþættir: Í valáfanganum Málun verður unnið með sem flestar tegundir lita og einhver íblöndunarefni prufuð. Málað verður með olíulitum, Acryllitum, vatnslitum og þeim litum sem til eru hverju sinni. Lögð verður áhersla á skissuvinnu þ.e. að nemandinn verði búin að teikna þá mynd sem hann ætlar að mála áður en hafist er handa. Aðeins verður farið í listasöguna, listamenn kynntir og unnin verk í anda þeirra. Litafræðin rifjuð upp og spáð í myndbyggingu. Mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og hugmyndavinnu og að prufa sig áfram. Lögð verður áhersla á góða umgengi um stofuna.

Náms og kennslugögn: Bækur í eigu skólans, kennarans og veraldarvefurinn.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnulags/færni.

11.7 Grafík

Kennari: Sigríður Á. Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í myndlist. Undirþættir eru: Lögmál og aðferðir, Sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni, bls 14-15.

Efnistöð og áhersluþættir: Í valáfanganum Grafík verður unnið með dúkristu. Nemendur skissa upp viðfangsefnið og skera það síðan út í dúk. Unnið verður bæði með svarthvítar myndir og myndir unnar með fleiri litum þ.e. skorið, þrykkt, skorið meira og þrykkt með öðrum lit þannig að myndin verður unnin í lögum. Lögð verður áhersla á skissuvinnu þ.e. að nemandinn

verði búin að teikna þá mynd sem hann ætlar að skera út áður en hafist er handa. Mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og hugmyndavinnu og að prufa sig áfram. Lögð verður áhersla á góða umgengi um stofuna.

Náms og kennslugögn: Áhöld sem notuð eru til dúkristu og bækur í eigu skólans/kennarans ásamt veraldarvefnum.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnulags/færni.

11.8 Íþróttaval

Kennari: Guðjón Árni Antoníusson.

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í íþróttum.

Undirþættir eru: skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningarþroski – siðgæðisþroski, vitsmunarþroski

Efnistöð og áhersluþættir:

Farið verður í fjölbreytta hreyfingu þar sem aðalmálið verður að fá hreyfingu ásamt því að spreyta sig í keppni.

Náms- og kennslugögn: Áhöld í áhaldageymslu.

Heimanám: Ekkert heimanám.

00

Námsmat: Mæting 50% - Virkni 50%

11.9 Kvikmyndaval

Kennari: Freydis Kneif Kolbeinsdóttir

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir aðra hverja viku.

Efnistöð og áhersluþættir:

Horft verður á ýmsar kvikmyndir frá mismunandi tímum. Umræður um söguþráð, myndatöku, búninga, tónlist, leikmynd og allt það sem tilheyrir gerð einnar kvikmyndar.

Náms- og kennslugögn: Verkefnablöð sem nemendur vinna í lok tíma

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat: Umsögn lok annar.

11.10 Heimanám

Kennari: Ingólfur H. Matthíasson

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Efnistöð og áherslupættir:

Markmiðið er að nemandi fái aðstoð við heimavinnu í skóla. Nemendur geta komið með heimaverkefni sín og fengið aðstoð hjá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum fyrri-hluti annar = 50%

Ástundun og virkni í tímum seinni-hluti annar = 50%

11.11 Unnið með börnum

Kennari: Óákveðið

Tímufjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Efnistöð og áherslupættir:

Markmiðið er að nemendur kynnist starfi í grunnskóla og leikskóla. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og á leikskólum.

Námsmat: Ástundun og virkni verða metin til einkunnar.

11.12 Skólahreysti

Kennari: Guðjón Árni Antoníusson

Tímufjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Efnistöð og áherslupættir:

Markmiðið er að nemendur:

- auki styrk sinn og þol
 - læri að setja sér markmið og skipuleggja eigin þjálfun
 - styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun
 - geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
 - þjálfist í að taka þátt í samvinnuverkefnum sem snúa m.a. að því að undirbúa íþróttamót
- Tímarnir eru að mestu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamsþjálfun bæði inni og úti. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast Skólahreysti. Í lok áfangans verður undankeppni fyrir Skólahreysti og hafa þá allir nemendur skólans jafnan rétt til þátttöku hvort sem þeir velja þennan áfanga eða ekki.

Námsmat: Námsmat byggir á áhuga og virkni, framförum og árangri.

11.13 Valgrein allan veturinn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Tónlistarnám:

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

11.14 Valgrein allan veturinn í íþróttaiðkun

Nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina í a.m.k. tvö ár hjá íþróttafélagi sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ geta fengið það metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

11.15 Björgunarsveit

Nemendur sem starfa í unglingsdeild björgunarsveitarinnar geta fengið hjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum. Markmið eru að nemendur kynnist starfi björgunarsveita, efla skilning á mikilvægi björgunarmála og efla félagsþroska sinn. Nemendur mæta á fimmtudögum kl. 20:00 – 21:30.

Námsmat: Námsmat byggist á vinnu og virkni nemanda.

11.16 Valgeinar í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja0000000000

Eftirfarandi fög eru í boði: Enska 103, stærðfræði 103 og rafmagn 103.

Valfög í FS eru fyrir nemendur sem standa sig vel í námi og eru að minnsta kosti með 8,5 í ensku og stærðfræði. Nemendur sem velja rafmagn verða að vera sterkir í bóklegum og verklegum greinum. Valfög í FS eru kennd á miðvikudögum kl. 14:50 – 16:20.